



Borgarráð

Malbikunarframkvæmdir 2024.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út malbikunarframkvæmdir 2024.

Malbikun yfirlaga er áætluð 800 m.kr. Hefðbundnar malbiksviðgerðir eru áætlaðar um 230 m.kr. Þá er malbikun skilavega skv. sérstökum samningi við Vegagerðina áætluð um 42 m.kr.

Heildarupphæð malbikunarframkvæmda í Reykjavík á árinu 2024 er því áætluð 1.072 m.kr.

Að auki verður endurnýjað malbik á þeim götum þar sem framkvæmdir eru við endurnýjun gatna.

Greinargerð:

Gerð er grein fyrir stöðu og áætlaðri viðhaldspörf gatnakerfis í Reykjavík í meðfylgjandi minnisblaði Eflu verkfræðistofu. Þar kemur m.a. fram að áætluð viðhaldspörf gatna með endurnýjun yfirlaga er um 1.300 m.kr. á ári næstu 5-10 ár. Miðað við reynslu af endingu slitlaga gatna hefur verið áætlað að endurnýja þurfi slitlög á um 6,4% af götum borgarinnar til að halda gatnakerfinu í ásættanlegu ástandi.

Götur og/eða götukaflar í forgangi 2024 eru:

Mýrargata (Ánanaust - Hlésgata), Geirsgata no. (Steinbryggja - Kalkofnsvegur), Geirsgata su. (Steinbryggja - Kalkofnsvegur), Vonarstræti (Lækjargata-Templarasund), Baldursgata, (gatnamótasvæði við Þórsstötu), Faxagata (Sæbraut - Harpa), Fornhagi, (Hjarðarhagi - Ægisíða), Frostaskjól (Kaplaskjólsvetur - Frostaskjól nr. 7), Fríkirkjuvegur (Skálholtsstígur - Skothúsvegur), Furumelur (Hagamelur - Neshagi), Frakkastígur (Laugavegur - Hverfisgata), Kapellutorg au. (Bústaðavegur - Kapellutorg), Kárastígur (Skólavörðustígur - Frakkastígur), Klapparstígur (Skúlagata - Hverfisgata), Langahlíð ve. (Flókagata - Skaftahlíð), Laugavegur (Vitastígur - Frakkastígur), Samtún (Höfðatún - Nóatún), Skólalbrú, (Lækjargata - Kirkjutorg), Stangarholt, (Skiptun - Nóatún), Tómasarhagi, (Fálkagata - Dunhagi), Traðarholt (Skiptun - Brautarholt), Túngata (Ægisgata - Hofsvallagata), Vesturvallagata, (Holtsgata - Ásvallagata), Vesturgata, (Seljavegur - Bræðraborgarstígur), Víðihlíð (Birkihlíð - Suðurhlíð), Víðimelur (Víðimelur nr. 45 - Furumelur), Álmgærði (Stóragerði - Grensásvegur), Ármúli, (Háaleitisbraut - Síðumúli), Breiðagerði (Grensásvegur - Sogavegur), Dalbraut, (Sæbraut - Sundlaugavegur), Goðheimar (Sólheimar - Gláðheimar), Háaleitisbraut no. (Ármúli - Kringlum.br.), Háaleitisbraut nr. 36-56, Kleppsmýrarvegur, (Skútuvogur - Bítavogur), Knarrarvogur (Súðarvogur inn í enda), Rauðagerði (Borgargerði - Tunguvegur), Rauðalækur (Bugðulækur - Dalbraut), Réttarholtsvegur, (Bústaðavegur - Langagerði), Skeifan, (Grensásvegur - Hringtorg), Súðarvogur st. 418 - 514, Vesturbrún nr. 17-37 (Vesturbrún - inn í enda), Austurberg (Suðurhólar - Hraunberg), Álfabakki VA (Tungubakki - Arnarbakki), Bæjarháls (Rofabær - Höfðabakki), Bæjarháls, hringtorg v/Bæjarbraut, Fálkabakki (Arnarbakki - Höfðabakki), Ferjuvað (Norðlingabraut - inn í enda), Helluvað (Norðlingabraut - inn í enda), Írabakki (Arnarbakki - inn að lóðarmörkum), Hjaltabakki (Arnarbakki - inn að lóðarmörkum), Hraunbær, tengigata að Bæjarhálsi/Tunguhálsi, Hraunbær nr. 69-105 (Hraunbær - Hraunbær nr. 103), Norðlingabraut (Árvað - Helluvað), Norðlingabraut nr. 6-8 (Norðlingabraut - að lóðarmörkum), Rofabær, (Bæjarbraut - Skólalbrú), Seiðakvísl nr. 23-41 (Seiðakvísl - inn í enda), Stekkjarbakki, til Breiðholtsbrautar (Álfabakki VA - Þarabakki), Straumur



(Nethylur - Bröndukvísl), Stuðlasel nr. 21-35 (Stuðlasel - inn í enda), Stuðlasel nr. 9-19 (Stuðlasel - inn í enda), Stuðlasel nr. 10-18 (Stuðlasel - inn í enda), Stuðlasel nr. 2-8 (Stuðlasel - inn í enda), Suðurás No. (Selásbraut - Suðurás nr. 14), Suðurás Su. (Vesturás - Suðurás nr. 16), Vatnsveituvegur (Brekknáas - félagsheimili), Viðarás nr. 59-79, Gullinbrú gatnamót við Fjallkonuveg / Lokinhamra, Gullinbrú ve. (Fjallkonuvegur - suður), Borgavegur (Sóleyjarrimi - Spöng), Borgavegur Smárarimatorg, Breiðavík (Hamravík - Vík), Fossaleytnir nr. 2-6 (Fossaleytnir - að lóðarmörkum), Garðhús, (Gagnvegi - inn í enda), Gefjunarbrunnur (Gefjunartorg - Freyjubrunnur), Guðríðarstígur (Vínlandsleið - Guðríðarstígur nr. 6-8), Gufunesvegur st. 298 – 854, Haukdælabraut (Fellsvegur - Döllugata), Haukdælabraut (Döllugata - Gissurargata), Haukdælabraut (Gissurargata - Haukdælabraut nr.1), Haukdælabraut (Haukdælabraut nr. 108 - Gissurargata), Haukdælabraut (Haukdælabraut nr. 108 - Gissurargata), Hrísrími nr.6-10 (Hrísrími - að lóðarmörkum), Korpúlfsstaðavegur (Garðastaðir - Brúnastaðir), Malarhöfði nr. 6-8 (Malarhöfði - að lóðarmörkum), Mariúbaugur nr. 125-143 (Mariúbaugur - að lóðarmörkum), Marteinslaug nr. 8-16 (Marteinslaug - inn í enda), Mosavegur (Skólavegur - Spöng), Víkurvegur, vestur akreinin yfir brú, Völundarhús (Suðurhús - Meðalvegur), Þjóðhildarstígur (Þúsöld - inn í enda), Þorláksgæisli (Þorláksgæisli nr. 6 - inn í enda), Vallargrund (Tengigata - Hofsgrund), Kollargrund

Sá fyrirvari er settur að listi yfir götur getur breyst við frekari ástandsskoðun á vormánuðum. Niðurbrot gatna er mjög háð yrti aðstæðum eins og umferðarpunga og veðurfari.

Framkvæmdir skv. fjárfestingaráætlun 2024 (800 m.kr.) mynda stofn til innri leigu.

Framkvæmdir við malbiksviðgerðir 2024 (230 m.kr.) eru skv. rekstraráætlun umhverfis- og skipulagssviðs.

Framkvæmdir við malbikun skilavega (42 m.kr.) eru skv. samningi við Vegagerðina um skilavegi.

- Kostnaðaráætlun 2 vegna yfirlaga: 800 m.kr.

- Kostnaðarstaður: 3108

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning
- Minnisblað Eflu, dags. 14.02.2024



Malbikunarframkvæmdir 2024

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

Malbikunarframkvæmdir ársins skiptast í eftirfarandi verkhluta:

- Malbiksviðgerðir með ótilgreint magn
- Endurnýjun með fræsun og malbikun ásamt yfirlögnum:
 - Útboð 1 56.000 m²
 - Útboð 2 66.000 m²
- Skilavegir 8.000 m²
- Áætlaðar heildarmagnstölur eru því um 130.000 m²





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar er um 842 mkr sem skiptast þannig:

- Malbiksviðgerðir 230 mkr.
- Malbiksslitlög 570 mkr.
- Skilavegir 42 mkr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir við fræsun og yfirlagnir í maí og áætlað að þeim ljúki í september 2024.

Vakin er athygli á því að fjármögnun skilavega fellur undir ákveði samnings um skilavegina milli borgarinnar og Vegagerðarinnar.

Malbiksviðgerðir eru unnar allt árið og samhliða fræsun og yfirlögnum.





Viðhaldspörf og virði gatna í Reykjavík

Samanlögð fjárförf til endurnýjunar slitlaga næstu fimm ára, 2024-2028, er að meðaltali **1.100 millj.kr.** á ári. Til samanburðar má nefna að áætlun síðasta árs (minnisblað frá 20.02.2023) var fjárförf fyrir fimm ára tímabilið 2023- 2027 aðeins hærri, eða 1.470 millj.kr á ári.

Samanlögð fjárförf til næstu 10 ára er að meðaltali **1.300 millj.kr.** á ári. Áætlun síðasta árs var fjárförfin mjög sambærileg eða 1.350 millj.kr. á ári.


Miðað við verðlag ársins 2023 (niðurstöður útboða) er þörf fyrir endurnýjun slitlaga næstu 5 árin að meðaltali um 24 km á ári, sem er 5,5% af heildar gatnakerfi borgarinnar og til næstu 10 ára um 28 km á ári, sem er 6,4% af gatnakerfi borgarinnar.


Þess má geta að gert er ráð fyrir að endurnýjun gatna fyrir árið 2024 verði að umfangi sem nemur allt að 800 millj.kr. sem svarar til tæplega 18 km af gatnakerfinu, eða um 4%. Þrátt fyrir að ástand gatnakerfis borgarinnar sé í ásættanlegu ástandi í dag, er samt sem áður ráðlagt að viðhalda gatnakerfinu með endurnýjun slitlaga að meðaltali um 6% á ári, eða um 24-28 km svo ekki verði uppsafnaður viðhaldsvandi í gatnakerfinu

heimild: Minnisblað Eflu um Rosy þjónustu og viðhaldspörf gatna í Reykjavík

Endurnýjun slitlaga í km gatna á ári

■ Endurnýjun slitlaga [km] ● Hlutfall af lengd borgargatna [%]







Reykjavík

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

3336-093-MIN-001-V01

DAGS.

14.02.2024

SENDANDI

EFLA / ERS

MÁLEFNI

Viðhaldspörf og virði gatna í Reykjavík, staðan í janúar 2024

VERKHEITI

Rosy- þjónusta og viðhaldspörf gatna í Reykjavík

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

DREIFING

Reykjavíkurborg

SAMANTEKT

- Á síðastliðnum fjórum árum hefur Reykjavíkurborg verið að endurnýja árlega um 20-27 km af slitlagi borgarinnar, sem er á milli 5-6% af heildarumfangi gatnakerfisins. Þessu til viðbótar hefur einnig verið unnið að smærri viðgerðum sem auka endingu gatna um nokkur ár.
- Ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar hefur haldist nokkuð stöðugt á þessum fjórum árum og hefur hlutfall gatna í góðu ástandi (meira en 5 ár eftir af líftíma) haldist sambærilegt, eða um 58-66% af gatnakerfinu. Hlutfall gatna í slæmu ástandi, þar sem líftími þess er liðinn, hefur farið hægt batnandi síðastliðin ár, úr 15% í 9% nú í janúar.
- Áætluð þörf til endurnýjunar slitlaga hefur einnig haldist sambærileg nú í nokkur ár, eða á milli 25-30 km á ári, sem er um 5-7% af heildar gatnakerfi Reykjavíkurborgar.
- Mætti því segja að ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar sé í ásættanlegu ástandi og er því ráðlagt að viðhalda gatnakerfinu með endurnýjun slitlaga að meðaltali um 6% af götum borgarinnar á ári, eða um 24-28 km.
- Þess má geta að gert er ráð fyrir að endurnýjun gatna fyrir árið 2024 verði að umfangi sem nemur allt að 800 millj.kr. sem svarar til tæplega 18 km af gatnakerfinu, eða 4%.

Inngangur

Viðhaldspörf gatna hefur verið metin á sama hátt ár eftir ár og haldið utan um ástandsmat og skráningu viðhalds í gatnaviðhaldskerfinu RoSy. Í þessu minnisblaði eru teknar saman niðurstöður um viðhaldspörf og ástandsmat eins og það er metið í janúar 2024, eftir framkvæmdir sumarsins 2023 og ástandsskoðun gatnakerfisins haustið 2023.

Umfang gatnakerfis Reykjavíkurborgar

Gatnakerfi Reykjavíkurborgar hefur vaxið síðustu áratugi, ný hverfi hafa byggst upp og önnur hafa tekið breytingum. Þegar verið er að skoða tölur um endurnýjun slitlags og endurnýjunarþörf þarf að hafa það til hliðsjónar. Í umfjöllun hér á eftir eru áætlanir um gerð nýrra gatna og malbikun þeirra ekki teknar með í tölum um endurnýjun.

Í dag er umfang gatnakerfisins skráð í RoSy gatnaviðhaldskerfið rétt tæplega 436 km, sem skiptist í fjóra götuflokka eftir umferðarmagni og umferðarpunga, sjá töflu 1. Umfang gatnakerfisins sem er skráð í RoSy er ekki nákvæmlega það sama og lengd gatnakerfisins samkvæmt miðlínugrind Reykjavíkurborgar. Ýmsar ástæður geta legið á bak við það eins og t.d. í RoSy eru umferðarpungar götur, eins og t.d. Höfðabakki, með tvöfalt kerfi (þ.e. tvöfalda skráningu fyrir akreinar í sitt hvora akstursstefnu) til að auðvelda ástandsskoðun og utanumhald.

Skilavegir, sem lögum samkvæmt færðust frá ábyrgð Vegagerðarinnar til Reykjavíkurborgar (áramótin 2021-2022), eru ekki með í þessari samantekt og verða því ekki til umfjöllunar í þessu minnisblaði.

TAFLA 1 Flokkun gatnakerfis eftir líftíma


GÖTUFLOKKUR	SKÝRING	UMFANG [KM]	HLUTFALL
2 ¹	Umferð >5.000 per akrein og/eða strætó	75	17%
3	Umferð 1.000-5.000 per akrein og/eða strætó	147	34%
4	Umferð 500-1.000 per akrein	84	19%
5	Umferð <500 per akrein	130	30%
Samtals		436	100%

Endurnýjun slitlaga

Umfang framkvæmda við endurnýjun slitlaga frá árinu 2004 til 2023 má sjá á mynd 1. Um er að ræða endurnýjun slitlaga mælt í km gatna á ári. Til viðbótar við endurnýjun slitlaga hefur einnig verið unnið við lagfæringar á skemmdum á slitlögum sem ekki er inni í þessum tölum.

Á mynd 1 má einnig sjá áætlun um umfang á endurnýjun slitlaga fyrir árið 2023, m.v. áætlaða fjárveitingu ársins frá Reykjavíkurborg sem verði allt að 800 millj.kr.

¹ Götuflokkur 1 er ekki með í töflunni, en var í upphafi skilgreindur sem *Stofnvegir í eigu Vegagerðarinnar* og er það að hluta til enn.



MYND 1 Endurnýjun slitlaga í km á ári og hlutfall af lengd borgargatna.

Á liðnu sumri 2023 var endurnýjun slitlaga á götum borgarinnar 5,2% af heildarumfangi gatna. Árið þar á undan var hlutfallið 6,1%, árið 2021 var hlutfallið 5,3%, árið 2020 var hlutfallið 4,5% og árin þrjú þar á undan (2017-2019) var hlutfallið að meðaltali 8,2% á ári.

Til samanburðar má nefna að á fimm ára tímabilinu 2004-2008 var endurnýjað slitlag á tæplega 5% að meðaltali af gatnakerfinu á hverju ári en lækkaði töluvert á árunum 2009-2014 þegar hlutfallið var aðeins tæplega 3% á ári. Árin 2015 og 2016 jókst fjárfesting í gatnaviðhald aðeins frá fyrri árum þegar það var endurnýjað um 4% á ári og svo enn meira á árunum 2017-2019 eins og fyrr segir. Á fimm ára tímabilinu, 2015-2019 var endurnýjað um 6,5% af heildarumfangi gatna borgarinnar að meðaltali á ári.

Miðað við reynslu af endingu slitlaga gatna hefur verið áætlað að nauðsynlegt sé að endurnýja slitlag á um allt að **6%** af götum borgarinnar á ári til þess að halda gatnakerfinu í ásættanlegu ástandi. Miðast sú tala við að ástand gatnakerfisins sé í jafnvægi. 6% af götum borgarinnar er um **26 km** miðað við umfang gatnakerfisins í janúar 2024.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til endurnýjunar slitlaga í ár (2024) verði minni en í fyrra, en miðað er við að fjárveitingin í ár sé allt að 800 milljónum króna (var 1.200 millj.kr. árið 2023). Miðað við verðlag ársins 2023 (niðurstöður útboða) verður hægt að endurnýja slitlög á rúmlega **17,6 km** gatna í sumar sem er um **4,0%** af heildarumfangi slitlaga borgarinnar.

Ástand gatnakerfis í Reykjavík

Í RoSy gatnaviðhaldskerfinu eru skilgreind mörk þess hvenær líftími gatna sé liðinn, en það er þegar gata telst vera orðin það mikið skemmd að hún er undir skilgreindum lágmarksgæðum. Ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar hefur verið flokkað niður í fjóra flokka eftir líftíma gatna síðastliðin ár, sem má sjá í töflu 2.

TAFLA 2 Flokkun gatnakerfis eftir líftíma


FLOKKUR	ÁSTAND	LÍFTÍMI	ÁR
A	Götur í mjög góðu ástandi	Meira en 5 ár eftir af líftíma	2029 >
B	Götur í sæmilegu ástandi	1-5 ár eftir af líftíma	2025-2028
C	Götur í slæmu ástandi	Líftíma náð	2019-2024
D	Götur í mjög slæmu ástandi	Líftíma náð fyrir meira en 5 árum	< 2018

Sjá má ástand gatnakerfis í Reykjavík á mynd 2 hér að neðan í janúar 2024 eftir framkvæmdir sumarsins 2023 og ástandsskoðun gatna haustið 2023.

66,5% af gatnakerfinu er í mjög góðu ástandi, þ.e. í flokki A þar sem meira en 5 ár er eftir af líftíma slitlaga.


Um **9,3%** gatna hefur náð líftíma sínum, en það eru götukafar í neðstu tveimur flokkunum (flokkar C og D, líftími < 2024). eru það rétt rúmlega **38 km**.

Til samanburðar er áætlað að endurnýja tæplega 18 km af slitlögum gatna í ár.



MYND 2 Ástand gatnakerfis í Reykjavík í janúar 2023

Fylgst hefur verið með ástandi gatnakerfis Reykjavíkurborgar á þennan hátt í nokkur ár og á sambærilegum tíma, þ.e. eftir framkvæmdir sumarsins og ástandsskoðun gatna. Sjá má þær niðurstöður á næstu myndum.



MYND 3 Ástand gatnakerfis í Reykjavík 2018-2023.

Hlutfall gatna í slæmu ástandi (flokkar **C** og **D**) þar sem líftími þess er liðinn hefur verið nokkuð svipað og hægt batnandi síðastliðin ár, úr 15% í 9%.

Hlutfall gatna í góðu ástandi (flokkur **A**), þ.e. með meira en 5 ár eftir af líftíma fór hækkandi á tímabilinu 2019-2022 (á bilinu 58-65%), lækkaði svo í fyrra niður í 56% en fer svo aftur hækkandi í ár (66%) og er hlutfallið nú sambærilegt og það var árið 2020-2022.

Hlutfall gatna í sæmilegu ástandi (flokkur **B**) er einnig sambærilegt og það var á árunum 2020-2022, eða um 25-27%.

Sjá má á þessum niðurstöðum að heildarástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar er orðið nokkuð stöðugt. Hlutfall gatna eftir flokkun líftíma er sambærilegt í ár og það var á árunum 2020-2021.

Áætluð fjárförf til endurnýjunar slitlaga

Á síðastliðnum fjórum árum, 2020-2023 hefur um 800-1.200 millj.kr. varið í endurnýjun slitlaga í Reykjavík. Árin þrjú þar á undan, 2017-2019 var um 1.100-1.700 millj.kr. varið í endurnýjun slitlaga. Árið 2017 jókst fjárveitingin verulega frá fyrri árum (2015-2016) þegar um 600-700 millj.kr. var varið í endurnýjun slitlaga. Í ár miðar áætlun Reykjavíkurborgar við aðeins lægri upphæð en í fyrra eða um 800 millj.kr.

Reglulega er metin þörf fyrir endurnýjun slitlaga og gerð spá fyrir næstu 10 ár með RoSy viðhaldskerfinu. Gerð var áætlun núna í janúar 2024 um fjárförf til næstu ára sem sjá má í töflu 3. Vekja skal athygli á að hér er um að ræða fjárförf viðhaldskerfisins en ekki áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024.

TAFLA 3 Áætluð fjárför til endurnýjunar slitlaga árin 2024-2033 í milljónum króna. Áætlun gerð í janúar 2024 (verðlag 2023).

ÁR	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]	[millj.kr.]
Slitlög	1.000	900	1.100	1.200	1.300	1.700	1.400	1.600	1.300	1.100

Á næstu 10 árum, er fjárför til endurnýjunar slitlaga í Reykjavík á bilinu 900-1.700 millj.kr. á ári.

Þegar horft er á áætlanir um viðhaldsþörf gatna er nauðsynlegt að horfa til lengri tíma en til eins eða tveggja ára. Ástandið á gatnakerfinu er breytilegt og niðurbrot slitlaga breytilegt eftir ytri aðstæðum eins og veðurfari og þá sérstaklega m.t.t. snjós, klaka og frosts. Horfa ætti til lengri tíma (5-10 ár) og miða fjárhagsáætlanir við meðaltal þeirra ára.

Í töflu 4 er búið að taka saman áætlun fyrir tvö 5 ára tímabil og einnig fyrir 10 ára tímabil og kemur þar fram meðaltal hvers árs innan tímabilsins sem æskilegt er að miða við í fjárhagsáætlunum til næstu ára.

TAFLA 4 Samanlögð þörf til endurnýjunar slitlaga. Meðaltal á ári, innan tímabils.

TÍMABIL	5 ÁR	5 ÁR	10 ÁR
ÁR	2024-2028	2029-2033	2024-2033
millj.kr/ár	1.100	1.400	1.300
km / ár	24 (5,5%)	31 (7,2%)	28 (6,4%)

Samanlögð fjárför til endurnýjunar slitlaga næstu fimm ára, 2024-2028, er að meðaltali **1.100 millj.kr.** á ári. Til samanburðar má nefna að áætlun síðasta árs (minnisblað frá 20.02.2023) var fjárför fyrir fimm ára tímabilið 2023-2027 aðeins hærrí, eða 1.470 millj.kr á ári.

Samanlögð fjárför til næstu 10 ára er að meðaltali **1.300 millj.kr.** á ári. Áætlun síðasta árs var fjárförin mjög sambærileg eða 1.350 millj.kr. á ári.

Miðað við verðlag ársins 2023 (niðurstöður útboða) er þörf fyrir endurnýjun slitlaga næstu 5 árin að meðaltali um 24 km á ári, sem er 5,5% af heildar gatnakerfi borgarinnar og til næstu 10 ára um 28 km á ári, sem er 6,4% af gatnakerfi borgarinnar.

Þess má geta að gert er ráð fyrir að endurnýjun gatna fyrir árið 2024 verði að umfangi sem nemur allt að 800 millj.kr. sem svarar til tæplega 18 km af gatnakerfinu, eða um 4%. Þrátt fyrir að ástand gatnakerfis borgarinnar sé í ásættanlegu ástandi í dag, er samt sem áður ráðlagt að viðhalda gatnakerfinu með endurnýjun slitlaga að meðaltali um 6% á ári, eða um 24-28 km svo ekki verði uppsafnaður viðhaldsvandi í gatnakerfinu.